

hafði hann lokið við 48 blaðsíður af fyrsta þætti sem er stórbrotin lýsing á Óðni hinum alráða. Þegar hátíðinni hafði verið slitið hélt hann til Svíþjóðar og reyndi að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Kraftarnir dugðu til að semja tvær og hálfa síðu. Jón lagði handritið til hliðar og tíu ár liðu þar til hann tók þráðinn upp að nýju. Á blaðsíðu 51 stendur: „Hér byrjað aftur á tónsmíðinni 11. júlí 1962 í Bifröst, Borgarfirði.“

Fyrsti þáttur verksins var fullgerður síðla árs 1962 og ári síðar var annar kaflinn einnig kominn á blað en þá er eins og Jón bresti skyndilega kjark. Var hann að missa trúna á meistara-verkið enn eina ferðina? Í blaðaviðtali sumarið 1962 hafði hann nefnt hversu auðvelt honum reyndist að taka upp þráðinn: „Ég varð hissa á því að skriftin og hugsunargangurinn skyldu ekkert hafa breyst á þessum tíma. Það er alls ekki hægt að sjá hvar ég hætti fyrir tíu árum og hvar ég byrjaði nú á ný.“ Við nánari íhugun hlýtur Jón að hafa séð hve tvíbent þessi athugasemd hans var. Tónsmíðastíll hans varð einstrengingslegri með hverju árinu sem leið og hann átti á hættu að staðna sem listamaður. Hugsanlega brast líka trúin á að Ísland yrði þess nokkru sinni megnugt að flytja risaverkið sem rúmaðist ekki einu sinni á venjulegum nótnapappír.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur á Eddu II.

Hafi *Edda I – Sköpun heimsins* gert nær óviðráðanlegar kröfur um fjölda og getu flytjenda gengur *Edda II – Líf guðanna* skrefi lengra. Hún er samin fyrir þrjá einsöngvara, blandaðan kór og hljómsveit sem telur einnig fornlúðra og stóran slagverkshóp að hætti tónskáldsins. Fyrsti þáttur er lýsing á hinum tignarlega Óðni, þar sem kór og einsöngvarar eru í forgrunni, mezzó-sópran, tenór og bassi. Tenór fer með stærsta hlutverkið og fær í sinn hlut langar og flóknar hendingar sem tónskáldið biður um að séu sungnar „quasi jodeln“ – eins og jóðlað. Í öðrum þætti, *Synir Óðins*, skiptir Jón kórnum í tvo kóra og biður um að annar þeirra syngi baksviðs, en slíkt er einkar flókið í útfærslu og samhæfingu og því eru kórarnir báðir á sviðinu í kvöld. Í þeim kafla er sungið um lúðurinn Gjallarhorn sem heyrst um alla heima og á meðan fá málmblasturshljóðfærin ærið að starfa.

Ásynjur er blíðari þáttur, að mestu sunginn af karlaröddum kórsins og ástaróður til hinna tignu meyja sem eru nefndar hver á eftir annarri: Frigg, Sága, Eir, Gefjun, Fulla og Freyja. Tónlistin fær ekki völdugri blæ fyrir en síðasta ásynjan er nefnd á nafn, enda er það Sigyn sem heldur mundlauginni undir eitrið sem drýpur á Loka. Bæði munu þau koma aftur við sögu í næsta hluta óratoríunnar, þegar heimurinn er á vonarvöl. Síðustu taktarnir eru örlagaþrungið hróp kórsins sem hljómsveitin tekur öll undir og verður síðan viðkvæði í hinni risavöxnu *Eddu III*: „Vituhð ér enn eða hvað?“

Þrír styttri þættir fylgja í kjölfarið. *Valkyrjur* eru gamansamur þáttur en *Nornir* hæg, ofurveik en magnþrungin lýsing á